

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. desember 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 436/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

7. nóvember 1980.

Nr. 572.

**REGLUGERÐ**

**um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi,  
rannsóknnum og röntgengreiningu.**

## 1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 3270 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 3270 kr. hvern rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 3270 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Ellis- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf t gjald þ. e. a. s. kr. 1635 í hvert skipti.

## 2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. desember 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 434/1980 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*